

Enska

Tímar á viku: 2 (klst)

Kennsluaðferðir og skipulag.

Leiðir: Kennsluaðferðir miðast við að þjálfna skilning (hlustun og lestur) og leikniþætti (skrift og tal). Í kennslustundum verður lesið upphátt og í hljóði úr lesbók ásamt því að lesnar verða smásögur og unnin verkefni úr þeim. Hlustunaræfingar úr kennslubók verða unnar reglulega ásamt því að nemendur vinna spjalddölvu verkefni þar sem reynir á talað mál og framsögn. Unnið verður með lesskilnings verkefni ásamt málfræðiæfingum úr vinnubók og öðru fjölrituðu efni. Nemendur taka þátt í hópavinnu og vinna þemaverkefni.

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat
<p>Nemandi getur:</p> <p>Hlustun</p> <ul style="list-style-type: none"> hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim. tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt. án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr, <p>Lesskilningur</p> <ul style="list-style-type: none"> aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu. lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum 	<p>Frásagna verkefni, viðtöl og fleiri verkefni þar sem nemendur þurfa að tjá sig á enskri tungu.</p> <p>Hlustunarverkefni tengd hverjum kafla í lesbók.</p> <p>Lesskilningsverkefni unnin reglulega í kennslustund.</p> <p>Þemaverkefni tengt menningar svæðum með ensku sem fyrsta tungumál. Ýmis</p>	<p>Spotlight 9 – lesbók, vinnubók og málfræði æfingar í vinnubók.</p> <p>Ýmis ritunar verkefni.</p> <p>Ýmiss lesskilnings verkefni.</p> <p>Hlustunar verkefni úr vinnubók. Talað mál og frásagna verkefni.</p> <p>„About a boy“</p> <p>„The Queen“</p> <p>„Old man and the sea“</p>	<p>Hæfniviðmið metin jafnt og þétt allt skólaárið með verkefnum sem tengd eru við hæfniviðmiðin</p> <p>Kaflapróf í lok hvers kafla – spotlight on listening, writing, words, phrases and grammar.</p> <p>Hlustunaræfingar.</p> <p>Ritunaræfingar í workbook ásamt öðrum ritunarverkefnum.</p> <p>Lesskilningsverkefni.</p> <p>Munnleg verkefni – talað mál og</p>

<p>og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.</p> <ul style="list-style-type: none"> · lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum. <p>Samskipti</p> <ul style="list-style-type: none"> · tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum. · tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í. · tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda. <p>Frásögn</p> <ul style="list-style-type: none"> · flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi. · tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjanda og orðaval. · samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra. <p>Ritun</p> <ul style="list-style-type: none"> · skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við. · tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu. Geti leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín. · skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum. 	<p>ritunarverkefni, þar sem reynir á setningagerð, orðaforða og málfræði. Námshæfni: Lögð er áhersla á vönduð vinnubrögð, góða ástundun, áhuga og skil á heimavinnu sem og verkefnum.</p>	<p>“Braveheart” „The wings of Meister Wilhelm“ „Count Vlad“ Þemaverkefni: „Where shall I go?“ Þemaverkefni – „New York „ Kjörbókarritgerð. English-e-reader.net Englishforeveryone.org</p>	<p>framsögn. Málfræði verkefni og málfræðiþróf. Hópavinna, virkni, áhugi, fjölbreytni, hegðun, vinnubrögð, geta o.þ.h.</p>
--	---	---	--

<p>Menningarlæsi</p> <ul style="list-style-type: none"> · sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni. · sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma. · getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, skoska, ameríska. <p>Námshæfni</p> <ul style="list-style-type: none"> · beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða. · beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf. · unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja. · nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni. · nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi. 			
---	--	--	--

Grunnþættir menntunar.

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi:	Nemendur lesa ýmsa texta og sögur með mismunandi markmiðum að leiðarljósi. Nemendur þurfa að skrifa til að tjá skoðanir, tilfinningar og fleira. Nemendur þurfa að nota netmiðla til að leita að upplýsingum og þurfa að læra að kunna að lesa úr þeim upplýsingum sem þar eru.

Sjálfbærni:	Nemendur læra að þau eru ábyrg fyrir sinni hegðun í kennslustundum og fyrir sinni vinnu. Einnig þurfa nemendur að takast á við ýmis álitamál og önnur mál sem upp koma.
Heilbrigði og velferð:	Tekin eru fyrir ýmis verkefni sem fjalla um heilbrigði og velferð og þurfa nemendur að taka afstöðu í þeim málum. Einnig læra nemendur að mikilvægt er í heilbrigðum lífstíl að öllum líði vel í skólanum.
Lýðræði og mannréttindi:	Oft eru umræðuefnin út frá vinnunni tengd ýmsu úr samfélaginu og einhverjar klípusögur. Þá þurfa nemendur að leysa málín með lýðræði og mannréttindi að leiðarljósi. Nemendur hafa einnig eitthvað val á sínu námi. Kaflarnir í bókinni bjóða einnig uppá valtexta sem nemendur geta þá valið eftir áhugasviði. Nemendur velja sér einnig kjörbækur og svo eru stærri verkefni sem nemendur vinna út frá áhugasviði.
Jafnrétti:	Mikið um hópa-og paravinnu. Þar þurfa nemendur að vinna, hlusta og virða skoðanir annara.
Sköpun:	Nemendur vinna ýmis verkefni þar sem reynir á sköpun. Eins og veggspjöld, sögugerð og önnur textagerð, myndbandagerð og önnur leiklist.